

# Heimsminjanefnd Íslands

## FUNDARGERÐ - Staðfest

### 18. fundur heimsminjanefndar Íslands 2011

Heimsminjanefnd Íslands hélt sinn 18. fund í Þjóðminjasafninu, 6. hæð í turni þann 26. janúar 2011.

Viðstaddir voru Margrét Hallgrímsdóttir formaður sem stjórnaði fundi, Kristín Huld Sigurðardóttir, Lovísa Ásbjörnsdóttir og Ragnheiður H. Þórarinsdóttir sem ritaði fundargerð. Sigurður Á. Þráinsson boðaði forföll. Fundinn sátu einnig Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður, Agnes Stefánsdóttir verkefnisstjóri víkingatilnefningarinnar og Anna Lís Rúnarsdóttir sviðsstjóri hjá Þjóðminjasafni Íslands.

#### Drög að dagskrá

1. Fundargerð fyrri fundar lögð fram til samþykktar.
2. Yfirlitsskrá. Endanlegur frágangur.
3. Þátttaka í norrænu og alþjóðlegum fundur um heimsminjamál. Minnisblað frá RHP.  
(See attached file: Minnisblad til heimsminj\_001.pdf)
4. Torfajökulsaskjan.  
(See attached file: Torfajökulsaskjan.docx)
5. Önnur mál.

#### Fundargerð

Formaður setti fund kl. 13.15 og bauð menn velkomna.

1. Fundargerð fyrri fundar lögð fram til samþykktar.  
*Fundargerð 17. fundar lögð fram og undirrituð.*
2. Yfirlitsskrá. Endanlegur frágangur.  
*Farið yfir þær yfirlitsskrár sem eftir eru: Vikingaminjarnar; Vatnajökulsþjóðgarð -ákveðið að senda það skjal til yfirlestrar til þjóðgarðsvarðarins; Mývatn-Laxá og Þingvellir sem NWHF hefur farið yfir; Raðtilnefningu torfhúsa.*
3. Þátttaka í norrænum og alþjóðlegum fundum um heimsminjamál.  
*Málið snýst um að mikilvægt er fyrir fulltrúa heimsminjanefndar, umsjónarmenn heimsminjastaða og fulltrúa sveitarfélaga að sækja árlegan fund norræna tengslanetsins til að afla sér reynslu og þekkingar. Einnig geta verið skipulagðir fundir, ráðstefnur og málþing sem hafa þýðingu. Umsóknum um styrki til slíkra funda á að beina til mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem mun leita álits nefndarinnar áður en*

TH  
RHP  
KAS  
A- SAP

ákvörðun er tekin. Heimsminjanefndin mun einnig senda fulltrúa á slíka fundi þegar aðstæður leyfa.

4. Torfajökulsaskjan.

Stefnt er að því að Torfajökulsaskjan verði sett á yfirlitsskrá Íslands við fyrsta tækifæri og mun heimsminjanefndin leggja það til við ríkisstjórnina.

5. Önnur mál.

Þýðing á heimasíðu. Nefndin samþykkti að aðeins yrði þýddur aðaltextinn en engin undirskjöl.

Næsti fundur verður 23. febrúar 2011 kl. 13.

Fundi slitið kl. 15.00

Margrét Halldórsdóttir  
Sigrún Hulda Sigurðsdóttir  
Jóna Asbjörnsdóttir  
Sigrún A. Þráinsdóttir  
Ragnheiður B. Þórarínsdóttir